

Orðanefnd læknafélaganna - 111

Fundur var haldinn mánudaginn 25. nóvember 2024 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 111. fundur nefndarinnar frá 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Magnús Jóhannsson hafði boðað forföll vegna veikinda.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 110. fundar (30. október 2024), sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var lauslega yfirfarin og formlega samþykkt.

2. Orðalisti úr verkefni með Pétri Snæbjörnssyni, lækni:

JHJ lagði fram lista með 32 færslum úr Íðorðasafni lækna þar sem fyrir komu heitin **thrombus** (blóðsegi), **blood clot** (blóðstorka), **hemostasis** (blæðingarstöðvun) og **plug** (tappi eða kökkur) í ýmsum samsetningum. Farið var rækilega yfir listann og gerðar voru fjölmargar breytingartillögur og viðbætur við eldri færslur. JHJ var síðan falið að ganga frá færslunum til birtingar í Íðorðabankanum.

3. Önnur mál:

JHJ greindi frá tveimur fyrirspurnum með tillögum um íslensk heiti, sem hann hafði þegar svarað, annars vegar **neuroplasticity**, þar sem fyrirspyrjandi stakk upp á að þýða með orðinu **taugapjálmi**, og hins vegar **substance of human origin** þar sem sá fyrirspyrjandi stakk upp á að þýða með orðinu **mannefni** og taldi það henta vel í samsett heiti, svo sem mannefnisgjöf, mannefnisgjafi og mannefnisþegi. Þessum tillögum var vel tekið.

Næsti fundur: Gert var ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 13. janúar 2025 kl. 16:30 og var fundarherbergi í Eddu bókað þann dag.

Fundinum var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.